



Bæjarráð Reykjanesbæjar

Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjanesbær, 30. júní 2025

Mál nr. 2025010187

Efni: Skjólíð: Tímabundin flutningur starfsemi og nauðsynlegar endurbætur

Skjólíð: Tímabundin flutningur starfsemi og nauðsynlegar endurbætur

Starfsemi Skjólsins, sem veitir sérhæfða þjónustu fyrir börn með fötlun, mun færast tímabundið frá núverandi staðsetningu á Hafnargötu 88 í húsnæðið á Grænásbraut 910. Þessi flutningur felur í sér að Skjólíð mun nýta þann hluta húsnæðisins sem áður var í notkun leikskólans Drekaðals.

Ástæða flutningsins er:

Frá því Skjólíð hóf starfsemi sína í 88 húsinu árið 2017 hefur bæði starfsemi Skjólsins og starfsemin Fjörheima og 88hússins vaxið með þeim hætti að sífellt hefur meira verið þrengt að húsnæðisaðstöðu fyrir starfsemi Skjólsins í 88 húsinu. Á sama tíma hefur þörf fatlaðra barna fyrir þjónustu í Skjólinu vaxið, fjöldi þeirra sem sækja þjónustu Skjólsins margfaldast og ekki verið hægt að taka við öllum þeim börnum sem sótt er um fyrir. 8 nýir umsækjendur hafa sótt um frá og með hausti og er gert ráð fyrir að þau bætast í notendahópinn í haust.

Heildarfjöldi barna er áætlað að verði 25 börn frá hausti á aldursbilinu 10-19 ára. Notendur eru með miklar stuðningsþarfi vegna fatlana sinna og tekur mönnunarmódel Skjólsins mið af því.

Allir notendur Skjólsins eru greind með einhverfu og taugabroskaraskanir og sækja sértæk námsúrræði í skóla fyrri hluta dagsins og síðan Skjólíð þegar skóla sleppir, en Skjólíð veitir líka þjónustu á starfsdögum grunnskóla, í jólafríum og páskafríum og býður upp á Ævintýrasmiðjur á sumrin og þá tvöfaldast fjöldi fatlaðra barna í þjónustu.

Börnin eiga vegna fötlunar sinnar erfitt með allt áreiti, sum eiga erfitt með tjáningu og stöðug gæsla nauðsynleg til að fyrirbyggja árekstra og stjórnlausa hegðun sem getur komið fram í ofbeldi þegar slegið er frá sér, hlutir eyðilagðir eða hlaupið úr aðstæðum. Því er mikilvægt að Skjólíð hafi rúmgóða aðstöðu, geti útbúið skynörvunarherbergi fyrir notendur, haft aðstöðu fyrir einveru og litla hópa og búið til margar starfsstöðvar. Er það nauðsynlegt til að geta unnið á fyrirbyggjandi hátt, lesið úr líðan barnanna og hjálpað börnunum til að forðast árekstra og ofbeldi. Sum börn hafa manninn með sér og í einstaka tilvikum þarf tvo starfsmenn fyrir eitt barn, en algengast að hver starfsmaður hafi umsjón og veiti tveimur börnum þjónustu.


Heildarfjöldi starfsfólks eru 15 manns í Skjólinu

Nauðsynlegt er að gera minniháttar breytingar á húsnæðinu á Grænásbraut 910 til að tryggja að það uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfsemi Skjólsins. Í þarfagreiningu kom fram að nauðsynlegt er að setja upp nýjan milliveg til að aðgreina íþróttasalin frá þeim rýmum sem Skjólíð mun nýta, auk þess sem skipta þarf út salernum. Þessar endurbætur eru nauðsynlegar til að tryggja hentugt og öruggt umhverfi fyrir skjólstæðinga og starfsfólk.



Velferðarsvið mun kappkosta að lágmarka kostnað við búnaðarkaup með því að nýta húsgögn í eigu Reykjanesbæjar sem eru geymd í geymslum bæjarins. Þetta er liður í þeirri viðleitni að tryggja hagkvæma og ábyrga nýtingu opinberra fjármuna, en ef þörf er að búnaðarkaupum mun Velferðarsvið sjá um þau innkaup og nýta styrki sem Skjólið hefur fengi til þeirra kaupa.

Sá kostnaður sem fellur til vegna þeirra breytinga á mannvirkinu mun falla á viðhaldssjóð Reykjanesbæjar (4620) en gert er ráð fyrir að kostnaðurinn verði í kringum 700.000 til 1.000.000 kr.



Hreinn Ágúst Kristinsson
Deildarstjóri Eignaumsýslu